

REGLUR

um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.

1. gr.

Í Verkefnasjóð sjávarútvegsins rennur gjald, sem lagt er á skv. lögum nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, með síðari breytingum, auk andvirðis afla sem ekki reiknast til aflamarks fiskiskips, samkvæmt b-lið 7. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001, um breytingar á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (ákvæði til bráðbirgða XXIX).

2. gr.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins er í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum sbr. 4. gr.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra tilnefni þrjú menn í stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og er hlutverk þeirra að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin skal halda fundi a.m.k. einu sinni í mánuði eða eftir því sem tilefni gefst.

4. gr.

Fé úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins skal einungis úthluta til verkefna sem falla undir verkefnasvið Hafrannsóknastofnunarinnar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, fiskveiði-eftirlits Fiskistofu og Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS-rannsóknasjóð).

Í tillögum sínum til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum skal stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins líta til þess hvort rannsóknaverkefni falli að langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar eða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eða þeim sérstöku verkefnum sem Fiskistofu eru falin vegna eftirlits með fiskveiðum. Leggi stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að fé sé veitt til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs skal því varið til rannsóknaverkefna einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja samkvæmt áherslum AVS-rannsóknasjóðs á grundvelli faglegs mats stjórnar þess sjóðs á gæðum rannsóknaverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

Stjórn Verkefnasjóðs tekur ákvarðanir um tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum á grundvelli rökstuddra umsókna sem sjóðnum berast. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram þann rökstuðning sem fylgir umsóknum ef þurfa þykir, að mati stjórnarinnar.

5. gr.

Skipulagsskrá Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal endurskoðuð fyrir árslok 2005.

6. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. október 2004.

Árni M. Mathiesen.

Vilhjálmur Egilsson.